

Ed.

471. Frumvarp til laga

um brúasjóð.

Flm.: Páll Hermannsson, Ingvar Pálmason, Páll Zóphóníasson.

1. gr.

Innheimta skal eins eyris aðflutningsgjald af hverjum benzínlitra, sem til landsins er fluttur, umfram aðflutningsgjald það af benzíni, sem nú er innheimt.

Um innheimtu gjalds þessa skulu gilda sömu ákvæði og um innheimtu aðflutningsgjalds af benzíni samkv. lögum nr. 84 6. júlí 1932, sbr. lög nr. 34 19. júní 1933 og reglugerð nr. 75 4. júlí 1933.

2. gr.

Aðflutningsgjald það, sem innheimt er samkvæmt lögum þessum, skal lagt í sérstakan sjóð undir umsjón ríkisstjórnarinnar, og skulu reikningsskil sjóðsins fylgja ríkisreikningi og endurskoðast með honum.

Sjóður þessi nefnist brúasjóður.

3. gr.

Úr brúasjóði skal veita fé í fjárlögum til brúargerða, og sé fjárveitingum úr honum fyrir komið í sérstakri grein fjárlaga. Fé úr sjóðnum sé eingöngu veitt til brúargerða, er hafa svo mikinn kostnað í för með sér, að ókleift teljist að veita fé til þeirra af venjulegum tekjum ríkissjóðs.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Árið 1936 var byggð brú yfir Skjálfandaflljót, er kostaði rúmar 100 þús. krónur. Síðan hefir ekki þótt fært að ráðast í svo kostnaðarsöm brúasmiði. Ekki er líklegt, að stórbrýr verði reistar hér meðan Evrópustríðið geisar, bæði vegna þess, að nægilegt annað verkefni verður fyrir fé ríkissjóðs, og af hinu, að byggingarefni verður ófað rándýrt. Enginn veit, hvenær stríðinu lýkur, og eigi heldur hitt, hvernig til hagar um þess háttar framkvæmdir fyrstu árin á eftir. En komið gæti það fyrir, að heill tugur ára yrði á milli þess, að stærri vatnsföll væru brúuð.

Þetta er of langur tími, þegar þess er gætt, hversu mörg stórvötn eru enn óbrúuð, sum er skera sundur akfæra þjóðvegi, svo sem Jökulsá á Fjöllum, en önnur blómlegar og fjölbyggðar sveitir.

Á árunum 1933—1936 voru brýr byggðar og vegir lagðir fyrir innlent lánsfé, er ríkissjóður hefir síðan afborgað. Þá þótti sýnt, að árleg geta ríkissjóðs nægði ekki fyrir nauðsynlegustu framkvæmdum af þessu tægi, og yrði því að hrinda þeim áfram með lánsfé og jafna kostnaðinum á fleiri ár, með því að borga lán þessi niður smám saman. Sá stóri galli er á þessari aðferð, að með henni er etinn upp fyrirfram nokkur hluti af árlegu vega- og brúafé ríkissjóðs.

Í frv. þessu er lagt til, að farin verði sú leið, að draga saman nokkra fjárupphæð árlega, er svo yrði tiltæk þegar fært þætti að hefjast handa á ný, að stríðinu loknu, um smíði stærri brúa.

Gera má ráð fyrir, að eins eyris viðbótartollur á hvern litra af innfluttu benzíni mundi nema 70—80 þúsundum króna árlega.

Nánar í framsögu.